

Ávarp stjórnarformanns á ársfundi 2022

Fundarstjóri ágætu fundarmenn.

Árið 2021 var afar gott ár í rekstri Gildi lífeyrissjóðs þrátt fyrir að mikil óvissa ríkti á mörkuðum í upphafi árs vegna heimsfaraldursins. Þannig nam hrein raunávöxtun samtryggingardeildar sjóðsins 12,4 % á árinu sem er ein besta ávöxtun fjármuna sjóðsins frá stofnun hans og reyndar sú besta af öllum stærri lífeyrissjóðum landsins. Þessi góða ávöxtun er borin uppi af frábærri ávöxtun bæði innlendra og erlendra hlutabréfa og erlendra framtakssjóða. Þá skiluðu innlend skuldabréf ágætis ávöxtun á árinu. Það sem er þó enn mikilvægara er að langtímaávöxtun fjármuna sjóðsins er líka mjög góð. Ef horft er til meðaltalsraunávöxtunar síðastliðinna 30 ára nemur hún 5,3% sem er talsvert yfir þeirri 3,5% ávöxtunarkröfu sem notuð er til að meta skuldbindingar sjóðsins á hverjum tíma. Þessu ber að fagna.

Að tillögu Félags íslenskra tryggingafræðinga gaf fjármálaráðuneytið út og staðfesti nýjar dánar og eftirlifendatöflur í lok ársins 2021. Hingað til hafa skuldbindingar sjóðsins verið reiknaðar útfrá lífslíkum byggðum á reynslu fortíðar en ekki spá til framtíðar. Eftir þessu hafði lengi verið kallað af hálfu lífeyrissjóða sem hefur þótt óábyrgt að nota ekki bestu fánlegar upplýsingar á hverjum tíma til að meta skuldbindingar sjóðanna. Góðu fréttirnar eru þær að við lifum lengur en hjá lífeyrissjóði þýðir sú staðreynd hinsvegar að sjóðurinn þarf að greiða lífeyri í fleiri ár eða með öðrum orðum skuldbindingar hans aukast. Stjórn Gildis ákvað að nota þessar nýju lífslíkur við uppgjör sjóðsins árið 2021 þrátt fyrir heimild til að seinka innleiðingu þeirra um 2 ár. Vegna góðrar ávöxtunar síðustu ár er staða sjóðsins jákvæð um 1,4% umfram heildarskuldbindingar þrátt fyrir að fullu sé tekið tillit til þessara nýju lífslíkna. Það er vissulega ánægjulegt að staðan sjóðsins í heild sé í jafnvægi. En þá er hinsvegar ekki öll sagan sögð. Hinar nýju lífslíkur eru reiknaðar út fyrir hvern árgang. Afleiðing þess er að það er verulegt ójafnvægi milli áfallinna skuldbindinga og framtíðarskuldbindinga. Þannig eru áfallnar skuldbindingar sjóðsins jákvæðar sem nemur 12,9% en framtíðarskuldbindingar sjóðsins umfram áætluð núvirt framtíðariðgjöld eru neikvæð um 12,6%. Í einfölduðu máli er staða sjóðsins ósjálfbær til framtíðar og verið að lofa yngri kynslóðum hærra lífeyri en hægt er að standa við. Á sama hátt má segja að eldri kynslóðir séu ekki að njóta þess að staða sjóðsins í eignum umfram áfallnar skuldbindingar er verulega jákvæð. Við þessu ójafnvægi verður að bregðast.

Stjórn og starfsmenn sjóðsins hafa á undanförunum árum lagt mikla vinnu í að skoða hvernig bregðast skyldi við þeirri staðreynd að við lifum lengur. Þannig hefur efnið verið til umfjöllunar á fjölda stjórnarfunda og stjórn sótt sér ráðgjöf bæði hjá tryggingastærðfræðingum og lögmönnum og mismunandi leiðir verið skoðaðar. Fyrir þessum ársfundi liggja tillögur að samþykktarbreytingum og nýjum réttindatöflum sem eru afrakstur þeirrar vinnu og verður farið ítarlega yfir hér á eftir. Ég vona að fundarmenn hafi haft tök á að kynna sér þessar tillögur og legg áherslu á mikilvægi þess að þær verði samþykktar.

Seint verður fullþökkuð framsýni aðila vinnumarkaðarins sem komu að stofnun íslenska lífeyrissjóðakerfisins með kjarasamningum árið 1969 og við njótum nú góðs af sem og framtíðarkynslóðir. Þar hefur síðar sannast hverju hægt er að áorka með samvinnu og samstöðu. Okkur hefur nefnilega tekist að byggja upp í samvinnu lífeyriskerfi sem aðrar þjóðir líta öfundaraugum til.

Oftar heyrum við í umfjöllun fjölmiðla fréttir sem sýna lífeyrissjóðina í neikvæðu ljósi heldur en jákvæðu. Það kom því ekki á óvart að lítil umfjöllun var í fjölmiðlum um þá stórfrétt að alþjóðleg athugun ráðgjafafyrirtækisins Mercer og samtakanna CFA Institute komst að þeirri niðurstöðu að íslenskra lífeyriskerfið væri hið besta í heimi. Hvorki meira né minna. Ísland var nú í fyrsta sinn þátttakandi í þessari úttekt og þó hún hafi komið afar vel út fyrir okkur eru þar samt ábendingar um hvar við getum gert enn betur. Mikilvægt er að kynna sér þær ábendingar og sjá hvar við getum brugðist við til að gera góðan lífeyrissjóð enn betri.

Í þessu ávarpi er að mjög litlu leyti farið yfir verkefni stjórnar á árinu, ég bendi fundarmönnum á afar ítarlega ársskýrslu og heimasíðu sjóðsins.

Á árinu lét af störfum Vigfús Ásgeirsson tryggingastærðfræðingur sjóðsins. Vigfús hefur verið tryggingastærðfræðingur sjóðsins frá stofnun hans. Eru Vigfúsi þökkuð afar góð og farsæl störf í þágu sjóðsins.

Stjórn Gildis hélt 20 stjórnarfundi á árinu 2021 auk þess sem stjórnin hélt um miðjan október tveggja daga stefnumótunarfund. Samstarf í stjórn hefur verið gott. Stjórnarmenn koma vel undirbúnir til funda og inna störf sín af hendi með trúmennsku og metnaði. Vissulega er stundum tekist á en góðar rökræður leiða vonandi til bestu niðurstöðu. Mig langar því að þakka stjórnarmönnum gott samstarf á árinu.

Á þessum ársfundi er ljóst að tveir stjórnarmenn láta af stjórnarstörfum fyrir sjóðinn. Það eru þær Áslaug Hulda Jónsdóttir sem setið hefur í stjórn sjóðsins frá 2016 og Margrét Birkisdóttir sem setið hefur í stjórn sjóðsins frá árinu 2018. Þeim vil ég þakka fyrir samstarfið og þeirra mikilvæga framlag til sjóðsins.

Einnig vil ég fyrir hönd stjórnar þakka starfsfólki sjóðsins fyrir afar vel unnin störf á mjög krefjandi tímum í alheimsfaraldri og sjóðfélögum ánægjuleg samskipti.